

VIÐAUKI
Lokaskrá – hugtakalisti.

| <i>Hugtak</i> | <i>Skilgreining</i> |
|-------------------------------|--|
| Rekstur reiknings | Reikningsveitandi rekur greiðslureikninginn til þess að viðskiptavinur geti haft af honum afnot. |
| Aðgangur að netbanka | Reikningsveitandi veitir viðskiptavini aðgang að netbanka. |
| Millifærslur/greiðslur | |
| Millifærsla innanlands | Reikningsveitandi millifærir fjárhæð samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar af greiðslureikningi viðskiptavinar inn á annan reikning innanlands. |
| Millifærsla milli landa | Reikningsveitandi millifærir fjárhæð samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar af greiðslureikningi viðskiptavinar inn á annan reikning í öðru landi. |
| Reglulegar millifærslur | Reikningsveitandi millifærir reglulega samkvæmt fyrirmælum viðskiptavinar fasta fjárhæð af greiðslureikningi viðskiptavinar inn á annan reikning. |
| Beingreiðslur | Viðskiptavinur heimilar einhverjum öðrum (viðtakanda) að beina því til reikningsveitanda að millifæra fjárhæð af greiðslureikningi viðskiptavinar til viðtakandans. Reikningsveitandi millifærir þá fjárhæð til viðtakandans á þeim degi eða dögum sem viðskiptavinur og viðtakandi hafa sammælt um. Fjárhæðin getur verið breytileg. |
| Debetkort | Reikningsveitandi útvegar greiðslukort sem tengist greiðslureikningi viðskiptavinar. Fjárhæð hvers færslu sem gerð er með kortinu er tekin beint og að fullu af greiðslureikningi viðskiptavinar. |
| Árgjald debetkorts | Gjald sem viðskiptavinur greiðir reikningsveitanda einu sinni á ári fyrir debetkort. |
| Endurútgáfa debetkorts | Gjald vegna endurútgáfu debetkorts. |
| Færslugjöld | Sérstakt gjald fyrir hverja færslu. |
| Færslugjöld í hraðbanka | Greiðsla fyrir úttekt reiðufjár í hraðbanka. |
| Innstæðulaus færsla (FIT) | Kostnaður við færslu þegar ekki er næg innstæða fyrir úttektinni af greiðslureikningi. |
| Kreditkort | Reikningsveitandi útvegar greiðslukort sem tengist greiðslureikningi viðskiptavinar. Heildarfjárhæð færslna sem gerðar eru með kortinu á tilteknu samþykktu tímabili er dregin annaðhvort að fullu eða að hluta af greiðslureikningi viðskiptavinar á ákveðnum degi. Það ræðst af lánsamningi milli reikningsveitanda og viðskiptavinar hvort viðskiptavinurinn greiðir vexti fyrir lántökuna. |
| Árgjald kreditkorts | Gjald sem viðskiptavinur greiðir reikningsveitanda einu sinni á ári fyrir kreditkort. |
| Endurútgáfa kreditkorts | Gjald vegna endurútgáfu kreditkorts. |

| | |
|--------------------------------------|---|
| Úttektargjald innanlands | Kostnaður við úttekt reiðufjár úr hraðbanka innanlands. |
| Úttektargjald erlendis | Kostnaður við úttekt reiðufjár úr hraðbanka erlendis. |
| Yfirdrættir og tengd þjónusta | |
| Yfirdrættarheimild | Reikningsveitandi og viðskiptavinur koma sér saman um það fyrirfram að viðskiptavinur geti fengið lán þegar engin innstæða er eftir á greiðslureikningnum. Í samkomulaginu er ákveðið hver hámarksfjárhæðin er sem hægt er að taka að láni og hvort gjöld og vextir verða innheimt af viðskiptavininum. |